

## Eldri nýnemar haust 2023. – sent 14. ágúst 2023

Velkomin í MH.

Stundatöflurnar ykkar eru tilbúnar og eru sýnilegar í Innu. Inna er aðgengileg frá heimasíðu skólans <https://www.mh.is/>. Til að komast inn í Innu þurfið þið rafræn skilríki eða íslykil. Aðstandendur ykkar komast líka inn á Innu með sínum rafrænu skilríkjum eða íslykli (þangað til þið verðið 18 ára).

Námstjórar skólans verða til viðtals fyrir ykkur, ef þið þurfið að láta breyta einhverju í sambandi við stundatöflurnar ykkar eða hafið aðrar spurningar sem brenna á ykkur. Þið sækið ekki um töflubreytingar í gegnum Innu. Námstjórararnir verða við á skrifstofunni milli 10 og 14 mánudaginn 14.ágúst, þriðjudaginn 15. ágúst og miðvikudaginn 16. ágúst.

Nýnemakynning verður fimmtudaginn 17.ágúst kl. 13:00 á Miklagarði – hátíðarsal skólans, og þá fáið þið kynningu á því helsta sem þið þurfið að vita fyrir fyrsta skóladaginn í MH. Kynningin mun taka ca. 2 klst. Skólasetning verður kl. 8:20 mánudaginn 21. ágúst og hefst kennsla í beinu framhaldi af henni. Ef þið eruð ekki með tíma í stundatöflunni á þessum tíma þá þurfið þið ekki að mæta fyrr en ykkar tími byrjar.

Þið, eldri nýnemar, sem eruð að koma úr öðrum framhalsskólum og hefja ná í MH hafið stöðuna **Innritaður** í Innu. Þið hafið það umfram nýnema sem eru að koma beint úr grunnskóla að þið eruð eldri og reyndari og komin af stað í ykkar framhaldsnámi. Við viljum kynna ykkur fyrir MH og hvernig námið er skipulagt hjá okkur og setjum alla eldri nýnema í áfanga sem heitir LÍFS1AB01. Þar verður farið í hvað skiptir máli fyrir ykkur í MH og ýmsar gagnlegar upplýsingar svo námið ykkar hér, fari sem best af stað. Þessi tími er í stundatöflunni ykkar eftir hádegi á föstudögum og kennarinn er Bergþór Reynisson.

Kveðja Helga Jóhannsdóttir , konrektor